

Reglur Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra

1. Reglur þessar eru settar til að koma á móts við barnafjölskyldur með lágar tekjur til að veita afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra með það að markmiði að bæta kjör fjölskyldna.
2. Gildandi afsláttur samkvæmt gjaldskrá vegna gjalda samkvæmt 1. tl. helst óbreyttur út árið 2022. Frá og með 1. janúar 2023 verður áfram í gildi systkinaafsláttur en annar afsláttur eins og afsláttur til einstæðra foreldra/forgangshópa og námsmanna verður tekjutengdur.
3. Viðmiðunartekjur skulu vera.

Heildartekjur heimilis.

Meðaltekjur allt að 787.200 kr. á mánuði.

Tekjuviðmið taka breytingum samkvæmt launavísitölu 1. janúar 2023.

Miða skal við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði.

4. Foreldrar/forráðamenn undir tekjuviðmiðum samkvæmt 3. tl. skulu fá 40% afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra.
5. Umsóknir tekjutengds afsláttar skulu berast fyrir 15. febrúar 2022 vegna gjalda fyrir mars og skal fylgja yfirlit úr staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði. Hægt verður að sækja um afslátt síðar og ef umsókn berst fyrir 15. dag mánaðar kemur afsláttur til framkvæmdar í næsta mánuði á eftir enda eru uppfyllt skilyrði tekjuviðmiðunar samkvæmt 3. tl.
6. Fyrir 15. október 2022 þurfa þeir sem notið hafa annars afsláttar en systkinaafsláttar, s.s. námsmenn og einstæðir foreldrar, að sækja um áframhaldandi afslátt af gjöldum frá og með 1. janúar 2023 og gilda þá tekjuviðmið samkvæmt 3. tl. við ákvörðun afsláttar.
7. Reglur þessar verða endurskoðaðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
20. janúar 2022*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*